



## Formannafundur Aftureldingar mánudaginn 4. september 2019

---

Haldinn í Vallarhúsi Aftureldingar að Varmá kl. 18.00

*Mættir voru eftirfarandi*

*Starfsmenn: Jón Júlíus Karlsson og Hanna Björk Halldórsdóttir*

*Aðalstjórn: Birna Kristín Jónsdóttir, Kristrún Kristjánsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon, Erla Edvardsdóttir, Geirarður Long.*

*Badminton: Þorvaldur Einarsson*

*Blak: Guðrún Kristín Einarsdóttir, Jórunn Edda Hafsteinsdóttir og Guðbrandur Pálsson*

*Fimleikar: Eygerður Helgadóttir, Berglind Richardsdóttir og Guðbjörg Snorradóttir*

*Frjálssar: Unnur Kristleifsdóttir*

*Handknattleiksdeild: Hannes Sigurðsson, Bernharð Eðvarðsson og Erla*

*Knattspyrna: Ása Dagný*

*Körfubolti: Kristinn Guðjónsson*

### 1. Kynning á SportAblar og Sideline Sports

Formaður setti fundinn og bauð velkomna fulltrúa frá Sportabler þá Ólaf Inga og Jóhann, þeir kynntu kerfið sem án efa virkar mjög vel sem samskiptahugbúnaður og notagildið er óumdeilt. Spannandi er hversu auðvelt er að taka út hinar ýmsu skýrslur, skoða tímatöflur með tilliti til nýtingar í sölum. Alexander þjálfari hjá fimleikadeildinni skýrði frá sinni upplifun af notkun hugbúnaðarins sem mjög góða. Mjög góð yfirferð og væntanlega mjög góð vara á ferð.

Næst á dagskrá var umræða um annan hugbúnað Sideline sem stendur til boða þar sem samskiptahlutinn er öllu einfaldari og styttra á veg kominn, hins vegar fylgir með gríðarlega stór pakki sem nýtist þjálfurum mjög vel til leikgreininga, gerð tímaseðla, utanumhald af ýmsu tagi og kom Einar Andri þjálfari meistaraflokks karla sem hefur notað Sideline í mörg ár og kynnti fyrir sína parta kosti þessa hugbúnaðs.

Umræður fóru fram um bæði kerfin þar sem verðtilboð voru sambærileg og var það niðurstaða formannafundar að gefa aðalstjórn félagsins umboð til að ganga til samninga við Sideline.

### 2. Sjálfboðaliðakort

Sjálfboðaliðakort – Í febrúar sl. var samþykkt á formannafundi að útbúa sjálfboðaliðakort fyrir þá sem sitja í deildum og ráðum félagsins og veitir kortið aðgang að öllum leikjum fyrir utan bikarleiki. Kortin voru prentuð og fóru í dreifingu en formanni og framkvæmdastjóra láðist að gera nægilega skýrar reglur um notkun, sem núna verður farið í og sent á formenn deilda og ráða til samþykktar.

### 3. Önnur mál

Gamlir búningar – Rætt var um hvað skyldi gera við gamla búninga og niðurstaðan sú að Hanna Björk Ípróttafulltrúi sendir út boð um miðjan október til þess að safna þeim saman og senda til Rauða krossins.

Aðstaða til styrktarþjálfunar – Menn eru ekki allsendis ánægðir með þá aðstöðu og umgjörð sem við höfum til umráða í dag. Ípróttafulltrúi fer í að skoða hvaða rými mætti nýta til styrktarþjálfunar og hvort það er raunhæft.

Fundi slitið kl. 20.15

Fundargerð ritaði Birna Kristín Jónsdóttir.